

þótt nokkrar líkur mæli með því. Verður að telja, að þessar aðstæður breyti í engu niðurstöðu málsins hér að framan og stefndan beri því að sýkna af kröfum stefnanda.

Eftir ástæðum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Fyrir því dæmist rétt vera :

Stefnd, stjórn Kaupfélags Siglufirðinga, Siglufirði, sé sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 11. maí 1949.

Nr. 99/1946. **Sófus Bender og Hörður Jónsson**

(Theodór B. Lindal)

gegn

Jóni Sveinssyni og gagnsök (Egill Sigurgeirsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ás-
björnssonar.

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1946. Þeir krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins. Til vara gera þeir þá kröfu, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð og að málskostnaður verði þá látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. ágúst 1946, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum kr. 1629.58 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. júní 1945 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Er ökumaður á bifreið aðaláfrýjenda ók úr Liljugötu inn á Hringbraut, bar honum að sýna ýtrustu varkárni og vera við því búinn að stöðva bifreiðina þegar í stað, ef þörf gerðist. Þessa gætti ökumaðurinn ekki, og á hann því sök á árekstri bifreiðanna án tillits til þess, hvort talið verði, að honum hefði mátt vera kunnug ákvörðun lögreglustjóra um einstefnuakstur um Liljugötu milli Smáragötu og Hringbrautar eða hvort sú ákvörðun hafi verið nægilega birt.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóm-inn.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. maí 1946.

Mál þetta, er dómtekið var 26. f. m., hefur Jón Sveinsson, Brautar-enda á Seltjarnarnesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 5. júní 1945, gegn þeim Sófusi Bender og Herði Jónssyni, báðum hér í bænum, til greiðslu skaðabóta in solidum vegna bifreiðaáreksturs, að fjárhæð kr. 2182.58, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins voru kröfur stefnanda lækkaðar í kr. 1839.58 auk vaxta og málskostnaðar, sem fyrr var sagt.

Stefndir hafa krafizt *aðallega* sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans, en *til vara*, að kröfurnar verði lækkaðar að mati dómarans og málskostnaður látinn falla niður.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu sem váttryggjanda neðangreindrar bifreiðar, en engar kröfur eru gerðar á hendur því, né heldur hefur það gert neinar sjálfstæðar kröfur.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt hins 17. september 1944 var fólksflutningabifreiðinni R. 2734, eign stefnanda, ekið suður Hringbraut. Er hún var komin rétt að Liljugötu, kveðst stjórnandi hennar hafa séð, að fólksflutningabifreiðinni R. 639, sem er eign stefndra, var ekið úr Liljugötu inn á Hringbraut. Þar eð ekki hafi verið svigrúm til þess að stöðva bifreiðina, hafi hann ætlað að forða árekstri með því að aka fyrir aftan bifreið þessa, enda hafi honum virzt bifreiðarstjóri hennar ætla að halda áfram ferð sinni. Hafi hann því hemlað bifreiðina og sveigt til vinstri í þessu skyni, en í sama bili hafi R. 639 stöðvazt og bifreiðarnar þá rekizt saman.

Telur stefnandi, að bifreiðarstjóri R. 639 eigi einn sök á árekstri þessum, þar eð óheimilt sé samkvæmt umferðarreglum Reykjavíkur að aka eftir Liljugötu frá norðri til suðurs, og stefndir sem eigendur bifreiðarinnar beri því ábyrgð á tjóni því, er af honum hlaut.

Stefndir byggja aðalkröfu sína á því, að það sé aðalregla íslensks umferðarréttar, að sá eigi að víkja, er hafi farartæki á vinstri hönd. Sé frá þessu brugðið eða akstur bannaður um vissar götur, beri að setja greinileg merki við hver gatnamót, þar sem slík afbrigði frá almennum reglum eigi að gilda. Kveða þeir stjórnanda bifreiðar sinnar hafa ekið suður Smáragötu í umrætt sinn og sveigt til hægri inn í Liljugötu, en við þau gatnamót eða gatnamót Liljugötu og Hringbrautar hafi ekki verið nein merki, er gæfu til kynna, að akstur væri óheimill um vegarkafla þennan.

Í máli þessu er ósannað, að nokkur merki um umferðarbann hafi verið við suðurenda Smáragötu eða norðurenda Liljugötu, þegar framangreindur atburður gerðist. Hins vegar hefur stjórnandi bifreiðar stefndra kannast við það fyrir dómi, að honum hafi verið kunnugt um það, að bannað var að aka norður Liljugötu frá Laufásvegi, sem er næsta gata sunnan Smáragötu (svo). Eins og til háttar á gatnamótum þeim, er mál þetta varða, þykir hann eigi hafa haft réttmæta ástæðu til að ætla, að því banni væri af létt á móts við Smáragötu, þar eð hann, — sem hefur í mörg ár stundað bifreiðaaakstur í atvinnuskyni hér í bænum —, mátti gera sér ljóst, að umferðarhætta var stórum aukin á þeim kafla Liljugötu, sem liggur milli Smáragötu og Hringbrautar. Verður því að telja mann þennan hafa gerzt sekan um slíkt gáleysi við akstur bifreiðarinnar, að hann eigi meginsök á slysinu. Á hinn bóginn er ljóst af gögnum málsins, að stjórnandi bifreiðar stefnanda sýndi eigi fyllstu aðgæzlu, þar eð hann nam eigi þegar staðar, svo sem honum var skylt og átti að vera unnt samkvæmt bifreiðalögunum, til þess að komizt yrði hjá slysi. Verður því að líta svo á, að hann eigi nokkra sök á samakstri þessum, og þykja sakarhlutföll hæfilega metin svo, að hann beri þriðjung sakar, en stjórnandi bifreiðar stefndra tvo þriðju hluta.

Um fjárhæð skaðabótanna er þess að geta, að stefndir hafa viðurkennt réttmæti allra kröfuliðanna nema eins, er nemur kr. 350.00. Hafa stefndir talið þann lið of háan, og þar eð stefnandi hefur eigi lagt fram gögn að þessu leyti fyrir hærri fjárhæð en kr. 140.00, verður lægri fjárhæðin tekin til greina, og nema bætturnar í heild því kr. 1629.58.

Stefndir hafa loks andmælt því, að þeir beri óskipta ábyrgð á tjóni því, er hljótast kann af bifreið þeirra, en gegn andmælum stefnanda verður þeirri mótbáru eigi sinnt, enda eigi í ljós leitt annað en bifreiðin sé óskipt sameign stefndra.

Málalok verða því þau, að stefndir verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda tvo þriðju hluta af kr. 1629.58, þ. e. kr. 1086.39, með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndir, Sófus Bender og Hörður Jónsson, greiði in solidum stefnanda, Jóni Sveinssyni, kr. 1086.39 með 6% ársvöxtum frá 5. júní 1945 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. maí 1949.

Nr. 1/1949. **Vigfús Pálmason** (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn
Elínu Thorarensen og gagnsök
 (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
 hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd.
 Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ás-
 björnssonar.

Mál til endurheimtu ofgreiddrar húsaleigu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. jan. 1949 og krafizt aðallega algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að dæmd fjárhæð verði færð niður eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur með stefnu 24. jan. 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m., gagnáfrýjað málinu. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt rökum þeim, er í héraðsdómi greinir, á gagnáfrýjandi rétt til að fá endurgreidda úr hendi aðaláfrýjanda oftekna húsaleigu á tímabilinu frá 1. nóvember 1943 til 31. október 1947. Fyrir Hæstarétti hefur aðaláfrýjandi haldið því